

Reglur í Bikarkeppni UÍA og Launafls 2020

1. Rétt til þátttöku hafa félög sem starfa á sambandssvæði UÍA. Við skráningu skulu þau skila inn upplýsingum um heimavöll sem er innan sambandssvæðis UÍA. Skráningargjöld skulu greidd fyrir fyrstu umferð og eru þau óafturkræf.

2. Liðum í Launaflsbikarnum er óheimilt að tefla fram leikmönnum sem spilað hafa í einhverjum af síðustu þremur leikjum síns liðs í fyrstu, annarri deild og þriðju deild Íslandsmóts og þeir hafa ekki verið í banni í. Markverðir úr efri deildum eru gjaldgengir hafi þeir ekki leikið í byrjunarliði í einhverjum af þremur síðustu leikjum síns liðs í Íslandsmóti.

3. Leikmaður telst vera leikmaður þess félags sem hann leikur fyrst með í keppninni. Leikmenn mega skipta einu sinni um félag á keppnistímabilinu. Félagaskiptin skulu skriflega tilkynnt (eyðublað á www.uia.is) til skrifstofu UÍA og öðlast gildi þegar þau hafa verið staðfest af skrifstofu UÍA. Skila þarf inn félagsskiptum minnst daginn fyrir leik. Leikmaður getur ekki skipt um félag eftir að félag sem hann hyggst skipta úr eða í hefur lokið keppni í riðli eða deild. Skrifstofa UÍA skal tilkynna félagaskipti með tölvupósti til forráðamanna félaganna þegar þau hafa verið staðfest. Óheimilt er að skipta um félag eftir 15. Júlí.

4. Við skráningu skal hvert félag leggja fram nöfn tveggja dómara (aðal og vara) og sem dæma munu í bikarnum. Heimalið ber ábyrgð á dómaramálum. UÍA greiðir laun aðaldómara, kr. 5.000.- fyrir hvern leik dæmdan. Dómarar skulu helst hafa lokið unglingadómaraprófi KSÍ.

5. Heimalið skal sjá til þess að leikskýrsla sé útfyllt og eintak af henni sent til skrifstofu UÍA innan 2 daga frá leikdegi. Laun dómara verða ekki greidd fyrr en skýrsla hefur verið skilað.

6. Fjöldi varamanna og innáskiptingar eru ótakmarkaðar en leikmanni ber að fá leyfi dómara áður en hann kemur inn á leikvöllinn. Fari leikmaður án leyfis inn á leikvöllinn fær hann gult spjald.

7. Minnst einn aðaldómari dæmir leik keppinnar. Heimalið skal leggja til aðstoðardómara. Aðaldómari ræður hvort hann þiggur þá aðstoð. Aðaldómari hefur ekki leik fyrr en hann er sáttur við umgjörð leiksins. Aðaldómarar skulu helst hafa lokið unglingadómaraprófi. Aðstoðardómarar skulu ekki vera yngri en 16 ára og kunna góð skil á knattspyrnureglunum.

8. Leikmaður sem fær rautt spjald í Launaflsbikarnum skal taka út leikbann í næsta leik.

9. Kærumál eru afgreidd af skrifstofu UÍA og er úrskurður skrifstofunnar endanlegur. Kæra skal hafa borist skrifstofu skriflega eigi síðar en 3 dögum eftir að leikur hefur farið fram (eyðublað á www.uia.is).

10. Lið sem ekki mætir til leiks er dæmt úr keppni. Lið verður að láta vita minnst sex tímum fyrir leik komist það ekki á staðinn og óska eftir öðrum leikdegi. Það skal gert símleiðis. Náist ekki samkomulag um frestun telst liðið sem mætti hafa unnið 3-0. Haft skal samband við skrifstofu UÍA og láta vita af breytingum svo fljótt sem hægt er, eigi síðar en fyrir miðnætti á leikdegi.

11. Breyting á leikdegi í Launaflsbikarnum er heimil að höfðu samráði beggja liða, senda skal tilkynningu um breytingu á skrifstofu UÍA. Óheimilt er að færa leik í tiltekinni umferð keppinnar fram eða aftur fyrir næstu umferðir.

12. Sé keppnisfyrirkomulag Launaflsbikarsins með þeim hætti að haldin sé úrslitakeppni skal vera um einfalda útsláttarkeppni að ræða þar sem leikinn er einn leikur og sigurliðið kemst áfram. Það lið sem endaði ofar í sinni deild eða riðli skal ætíð eiga heimavallarrétt í úrslitakeppninni þar til í lokaleik keppninar. Úrslitaleikurinn skal leikinn á hlutlausum velli.

13. Brot á reglum Launaflsbikarsins varða stigasektum eða brottvísun úr keppni, séu brot ítrekuð eða sérstaklega gróf. Ákvörðun refsinga er í höndum skrifstofu UÍA og er ákvörðun hennar endanleg.

14. Að öðru leyti er stuðst við knattspyrnureglur KSÍ.

Egilsstöðum 22. maí 2020

Gunnar Gassi Gunnarsson framkvæmdastjóri UÍA